

Mál nr. 77/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Vatnsleki í nýbyggðu húsi vegna meints ófullnægjandi frágangs á þaki.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.3.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.3.2009.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að húseign í eigu M hafi verið byggð af byggingarverktakanum B, en B mun hafa keypt lögmeilta starfsábyrgðartryggingu fyrir byggingarstjóra hjá vátryggingafélaginu X.

M kveður leka hafa komið að húsinu sem hann virðist rekja til þess að frágangur “á lóðréttum samskeytum á þaki hússins” “geti ekki talist hefðbundinn og samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum.” Þá telur M að engar “deiliteikningar af ytri lóðréttum samskeytum” hafi verið til. M krefst bóta úr fyrrgreindri starfsábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög óskýr og erfitt um vik að átta sig á hvert sé tjón M og hver sé ætluð orsök þess. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er byggingarstjóri byggingarframkvæmda. Hann ber einkum ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að tjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir verði rakið til atvika sem byggingarstjóri hússins ber ábyrgð á lögum samkvæmt. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá X.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að það er ekki á færi úrskurðarnefndar að kveðja til sérfróða aðila til að leggja mat á þau ágreiningsefni sem lögð eru fyrir nefndina til úrlausnar.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 7. apríl 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.